



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni

## Fundargerð

**Vorfundur (aðalfundur) Kvasis haldinn í Virkjun, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 25. mars 2009.**

**Mættir voru: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir (Fræðsluneti Suðurlands), Erla S. Olgeirsdóttir (Símenntunarmiðstöð Vesturlands), Guðjónína Sæmundsdóttir (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum), Jakobína Björnsdóttir (formaður stjórnar Símeysímenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar), Inga Dóra Halldórsdóttir (Símenntunarmiðstöð Vesturlands), Sigurborg Þorkelsdóttir (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), Jóhann Ingólfsson (Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra), Svava B. Svavarsdóttir (Símenntunarmiðstöð Vesturlands), Emil Björnsson (Þekkingarnet Austurlands), Stefanía Kristinsdóttir (Þekkingarnet Austurlands), Smári Haraldsson (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), Erla Björg Guðmundsdóttir (Símeysímenntunarmiðstöð Eyjafjarðar), Óli Halldórsson (Þekkingarsetur Þingeyinga), Ásmundur Sverrir Pálsson (Fræðslunet Suðurlands).**

**Inga Dóra Halldórsdóttir og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir rituðu fundargerð.**

Óli Halldórsson, formaður stjórnar Kvasis, bauð alla velkomna og setti fund kl. 13.05. Að því búnu bar formaður upp tillögu um að skipa Ásmund Sverri Pálsson sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

1. a) Skýrsla stjórnar
- b) Afgreiðsla reikninga
- c) Kosning eins fulltrúa í stjórn
- d) Kosning í nefndir og stjórnir

### a) Skýrsla stjórnar

Óli Halldórsson formaður gerði grein fyrir verkefnum á starfsári síðustu stjórnar. Að lokinni greinargerð var opnað fyrir spurningar.

Ein fyrirspurn var borin upp varðandi frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Fundarstjóri lagði fram tillögu um það yrði rætt sérstaklega undir liðnum „Önnur mál“. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um skýrsluna til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Skýrsluna má nálgast á vef Kvasis: [www.fraedslumidstodvar.is](http://www.fraedslumidstodvar.is)

## **b) Afgreiðsla reikninga**

Erla Björg Guðmundsdóttir, gjaldkeri Kvasis, lagði fram ársreikning Kvasis. Nokkrar umræður urðu um einstaka liði, en ekki gerðar formlegar athugasemdir. Erla Björg kynnti einnig drög að fjárhagsáætlun fyrir 2009, en fram kom að umtalsvert tap verður á rekstrinum, að öllu óbreyttu. Ársreikningur var samþykktur samhljóða.

## **c) Kosning eins fulltrúa í stjórn**

Fulltrúi frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á næstur að taka sæti í stjórn og var lagt til að Smári Haraldsson tæki sæti í stjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **d) Kosning í nefndir og stjórnir**

Samkvæmt erindi frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er þess farið á leit að Kvasir tilnefni 1 fulltrúa í stýrihóp sem hefur það hlutverk að meta árangur lestrar- og skriftarnámskeiða fyrir fullorðna. Lagt var til að Erla Olgeirsdóttir yrði fulltrúi Kvasis í þessum stýrihópi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **2. Breytingar á samþykktum Kvasis**

Lögð var fram tillaga stjórnar að breytingum á samþykktum Kvasis. Fundurinn lagði til ákveðnar breytingar sem voru bornar undir atkvæði. Breytingartillögur voru samþykktar samhljóða. Nýjar samþykktir eru í fylgiskjali við fundargerð.

## **3. Aðildarumsókn Mímis-símenntunar**

Stjórn Kvasis lagði fram aðildarumsókn Mímis- símenntunar. Nokkrar umræður urðu um málið og að því loknu var umsókn Mímis- símenntunar, um inngöngu í Kvasi, borin undir atkvæði. Umsókn um inngöngu Mímis - símenntunar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **4. Markviss**

Erla Björg Guðmundsdóttir kynnti Markvissnámskeið, en núna eru 12 nemendur í þjálfun. Samstarfssamningur er til um að sinna verkefnastjórnun, samþættingu og umsjón með heimasíðu Markviss á Íslandi. Áætlun er um að leggja til að gerður verði verktakasamningur til að vinna að þessu verkefni sem gerður verður einu sinni á ári og var lagt til að ákveðinni upphæð væri varið í það árlega til að standa straum að kostnaði (verkefnisstjórnun) vegna verkefnisins. Í framhaldi af þessu spunnust nokkrar umræður um verkefnið og m.a. hvort að fleiri aðilar en starfsmenn fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna gætu hlotið Markvissþjálfun. Þjálfun Markvissráðgjafa er dýr og voru menn sammála um að Kvasir ætti ekki að greiða beinan kostnað vegna verkefnisins.

Erla Björg Guðmundsdóttir óskaði eftir að aðilar undirrituðu samstarfssamning um verkefnið til að sammælast um ákveðið vinnulag. Urðu nokkrar umræður um málið og

sýndist sitt hverjum. Fundarstjóri kom með þá tillögu að vísa samstarfssamningi/verklagsreglum til stjórnar Kvasis. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 5. Háskólaþjónusta fræðslumiðstöðvanna

- a) Geir Gunnlaugsson frá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands kynnti nýjar verklagsreglur vegna próftöku hjá miðstöðvunum sem eru breyttar vegna sameiningar Kennaraháskóla og Háskólans. Björg Sigurðardóttir sem var prófstjóri KHÍ verður fjarprófastjóri HÍ. Stefnt er að því að fara í rafræna dreifingu eins og unnt er þannig að aðgangur að prófum á að batna. Margar athugasemdir voru gerðar við þær hugmyndir sem komið hafa fram í bréfi frá HÍ, sem sent var á allar fræðslumiðstöðvarnar, m.a. vegna aukinnar umsýslu. Samkvæmt nýjum reglum skólans þurfa stöðvarnar að prenta út og ljósrita öll próf og að lokinni próftöku að skanna eða senda í faksi til baka.
- b. Óli Halldórsson ræddi þær hugmyndir sem hafa komið upp innan raða starfsfólks fræðslumiðstöðvanna vegna háskólaþjónustunnar. Það er nauðsynlegt fyrir fræðslumiðstöðvarnar að línur séu skýrar hvað varðar þjónustu þeirra við fjarnema. Fundarstjóri lagði til að Inga Dóra Halldórsdóttur væri falið að fylgja þessu máli eftir og var það samþykkt samhljóða.
- c. Emil Björnsson fór yfir hvernig verkefnið um Netháskólann stæði. Verkefnið fór vel af stað, en lítið sem ekkert hefur gerst síðan í haust í málinu. Búið er að finna tæknilegar lausnir til að leysa verkefnið en taka þarf ákvörðun um hvenær málinu verður haldið áfram en reiknað er með að verkefnið kosti 56 milljónir.

## 6. Ákvörðun um árgjöld

Aðilar voru sammála um að aðgreina félagsrekstur og aðra þætti sem félagið hefur verið að greiða sérstaklega fyrir eins og t.d. menntabréna.

Á þessum forsendum var lögð fram tillaga um aðgerðir í tveimur liðum til að mæta hallarekstri á Kvasi:

- a) Hækka árgjaldið í 150.000 kr.
- b) Taka ákveðna liði út úr reikningum Kvasis og innheimta þá sérstaklega.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 7. Önnur mál

- a) Guðjónína Sæmundsdóttir sagði frá samstarfi við Keili og beindi því til annarra stöðva hvort þær hefðu áhuga á slíku samstarfi. MSS hefur sameinaði tvær námskrár, sem gefnar eru út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þ. e. Grunnmenntaskólinn og námskrár sem heitir Almennar bóklegar greinar. Þetta nám er metið sem 100 og 200 áfangar þannig að nemendur komast inn á háskólabrú hjá Keili.
- b) Ábending kom um að breyta þyrfti lógói samtakanna í samræmi við breytingar á samþykktum.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30**